

sá, er konum í Noregi hefði með lögum verið veittur pólitískur kosningarrettur hinn 14. júní 1907, og það væri tyrirboði þess, að kvennréttindamálið mundi innan skamms ná fullum sigri og öllum réttindakröfum kvennfólksins fullnægt almennt um hinn menntaða heim.

— Manntjón mikið varð við Japansstrendur, rétt hjá Kagoshima, nú í f. m. Hvolfdi þar í ofveðri miklu 50 fiskibátum og drukknuðu um 350 manns.

— Rússastjórn gengur alltaf vægðarlaust fram gegn þeim, sem breytingar vilja á stjórnarfyrrkomulaginu þar í landi og kveðja til uppreisnar. Eru slíkir uppreisnarmenn vægðarlaust drepnir. Mest kveður að þessu í Warschau, höfuðstað Póllands, þar voru 18 stjórnarbyltingarmenn teknir af lífi einn daginn nú rétt fyrir mánaðamótin.

— Norðmenn héldu hátíðlegan 100 ára fæðingardag skáldsins og föðurlandsvinarins Henriks Wergelands 17. júní s. l.; var þá afhjúpað fagurt líknesci af honum í Kristjáníu og víða um land voru honum reistir bautasteinar, þar á meðal á Eiðsvelli.

— Í Svíþjóð hefir nú undanfarið verið mikið missætti milli vinnuveitenda og vinnumanna og nær það til flestra handiðnagreina. Lauk því svo, að vinnuveitendur sögðu vinnuönnum upp vinnunni svo tugum þúsunda skipti og hafa þeir nú orðið að ganga vinnulausir allengi, og þann tíma allan hafa þeir notið styrks frá félagssjóði sínum. En von er nú um, að samkomulag náist bráðlega, viðunanlegt fyrir báða mál aðila.

— Uppot allmikið varð nýlega í þingsalnum í Róm, þar sem einn þingmaður viðhafði skammaryrði gífurleg um fréttaritara blaðanna, er sátu í stúku sinni þar í salnum. En hér fór á sama veg og er hið sama kom fyrir á þinginu í Berlín í vetur, að fréttaritararnir gengu snúðugt burtu og neitðu að rita fréttir af þinginu, fyrri en þingmaður sá, er skammaði þá, hefði beðið fyrirgefningar á þessum orðum sínum opinberlega í þingsalnum. Og svo varð að vera. En eigi var þar með búið, einn af fréttariturunum skoraði þingmanninn á hölm og háðu þeir einvígið, en hlutu þeir þó hvorugur holundar- eða mergundarsár.

— Fólkestala Noregs var 31. desember f. á. 2,320,364 eða aðeins 9276 fleiri en í byrjun ársins.

— Námslys varð í f. m. í Pittsburg, hrundu þar námsgöng saman og innibýrgðu 36 námmenn, af þeim náðist þó meira en helmingur lifandi.

— Brunj mikill varð í bænum Zirl í Austurríki, brunnu þar 164 hús til grunna og urðu 1300 manna þar með húsviltir. Tjónið talið 1,200,000 austurríkskar krónur. 4 menn brunnu inni.

— Fjármálaráðherra Rússa hefir leitað heimildar þingsins til þess að taka enn á ný lán er nemi 200 milljónum rúbla og byggst ráðgjafinn að

fá alla þá upphæð að láni innan takmarka Rússaveldis.

— Í Moskva létust nýlega 150 manna af þeim orsökum, að þeir höfðu borðað skemmdan mat.

Stökur.

Allir treystu á þig hér
Ánað til að hrinda;
Praut og hörmung, því fór ver,
Þú varzt með að binda.

Hvernig gátu goðin reid
Galdur að þér spunnið,
Raskað þér af rétttri leið,
Svo ráð þitt er sem brunnið?

Sá, sem fremstur vera vill,
Vinni landið aptur;
Fylgi honum heill og snill,
Hjálpráð Guðs og kraptur.

Íturfrjálsi Íslands son!
Á þinn Föður treystu:
Fullveldis með frægðarvon
Færðu, og bandið leystu!

Dalakarl.

LÁTINN

er í Kaupmannahöfn 10. f. m. stjórnandi fréttaskrifstofunnar: Ritzaus Bureau, cand. polit. Otto Waldemar Frederiksen, aðeins 40 ára gamall. Lézt hann eptir uppskurð við botnlangabólgu. Frederiksen var hér í fyrra í fylgd með konungi og komst þá í kynni við ýmsa menn hér á landi og ávann sér hylli þeirra og vináttu fyrir sakir lipurðar og ljúfmennsku.

Frederiksen var mikið áhugamaður að íslenzku blöðin gætu fengið sem tíðastar fregnir frá umheiminum með sem beztum kjörum, og er engum kunnugra um þetta heldur en ritstjóra Austra, sem hefir haft mikil viðskipti við Ritzaus Bureau, og jafnan orðið var við hreinskipti, einlæga velvild og drenglyndi frá hendi Frederiksens.

FNJÓSKÁRBRÚIN HRUNIN!

Fnjóskárbrúin átti að vera steinbogabrá, og mun það hafa verið eptir tilloðu og fyrirsögn landsverkfræðings Jóns Þorlákssonar, að byggja skyldi brúna þannig. Danskt félag Christiani & Nielsen hafði tekið að sér að byggja brúna undir yfirumsjón Jóns Þorlákssonar. Nú var steinboginn að heita mátti kominn saman, þegar að vöxtur hljóp í Fnjóská fyrri föstudag og sópaðist þá burtu undirstaðan sú úr timbri, sem boginn hafði verið byggður á og þá féll öll brúin niður. Telja menn tjónið 10—15 þúsund kr. og halda menn að félagið sem byggja átti brúna verði að bera þann halla. Er þegar byrjað á brúarsmiðinni aptur og er vonandi að þá takist betur.

AFLI

„Nóra“ hefir nú tvisvar komið inn með ágætana aflla. Í fyrra skiptið fékk

hún um 500 tunnur af sild en í síðara skiptið kom hún hlaðin af porski, er hún hafði fengið í hringnót norður við Langanes og mun það nær einsdæmi að porskur hafi aflast í hringnót.

Affi á mótorbáta og róðrabáta hefir verið mjög misjafn.

ÖNDVEGISTÍÐ

hefir nú verið um allt Austurland langan tíma undanfarinn, um og yfir 20 stiga hiti á R. undan sólu hér í fjörðum. Hefir grassprettu því farið sérlega vel fram, svo hún mun nú í bezta lagi sérstaklega þar sem votlent er, þar sem þurkar hafa verið helzt til miklir.

Í Héraði mtnu menn nú vera almennt byrjaðir að slá á útengi og sumstaðar á tútum líka.

SKIPSTRAND.

Fiskigufuskipið „Rolf“ frá Álasundi strandaði hjá Skálanestanga, neðan við Skálanesbæinn, núna á mánudagsmorguninn; hafði skipið legið þarna fyrir festum um nóttina mjög nálægt landi, og þegar það ætlaði að léttu um morguninn þá var straumurinn svo mikill, en svigrúmið nær ekkert, að skipið rak upp í fjöruna og liggur þar enn. Óvíst hvort hægt er að ná því út.

VÉLARBILUN

allmikla hlaut „Eljan“ nú um daginn milli Noregs og Færeyja, en komst þó þangað inn hjálparlaust. Var „Edda“ send til Færeyja til þess að draga „Eljan“ hingað og komu skipin á mánudaginn. Var farmurinn úr „Eljan“ látinn yfir í Prospero, er tekur nú aptur ferðir „Eljanar“.

Héðan fer Edda með Eljan til viðgjörðar til Noregs. Eflaust setja Wathnes erfingar annað skip í staðinn, svo ferðirnar geti haldizt að mestu samkvæmt útgefinni áætlun. Ella mundu þeir spilla álti sínu og trausti, sem kæmi sér aldrei ver en nú, þar sem tvö öflug norsk gufuskipafélög eru nú faria að keppa við þá um Noregsferðirnar.

TRÚLOFUD

eru: ungfrú Anna Sigmundsdóttir í Gunnhildargerði og Jón málari Jónasson frá Breiðavaði.

JÓN JÓNSSON

blindi, frá Mýlaugsstöðum í Reykjadal, kom hingað með Esbjerg nú um daginn og hefir dvalið hér síðan. Jón er nú á 80. árinu og hefir verið blindur í 70 ár. En hann er ern og hress ennþá og fjörugur í anda. Hann hefir sagt hér sögur opinberlega þrisvar sinnum, og var góður rómur gjörður að því; en fremur var fámennnt tvö síðustu skiptin, og er vonandi að bæjarmenn bæti úr því, ef Jón segir hér sögur ennþá. Hann brá sér til Mjóafjarðar nú í vikunni og kemur aptur um helgina.

FRÁ LANDSÍMASTÖÐUNNI.

Í júnímánuði voru afhent á landsímastöðinni á Seyðisfirði 133 skeyti innanlands fyrir samtals Kr. 190,75 og 293 skeyti til útlanda fyrir samtals kr. 1206,00.

Um landsímann voru afgreidd 578 talsímasamtöl með 327 viðtalsbilum frá

Seyðisfirði, og 344 samtöl til Seyðisfjarðar.

Um Eskifjarðarsímann voru afgr. 174 samtöl með 206 viðtalsb. til landsímans, en samtöl frá landsímanum til Eskifjarðarsímans eru innifalin í samtölum þeim sem á undan eru talin.

Um sæsímann voru afgreidd 982 skeyti með 9296 orðum til útlanda og 673 skeyti með 7529 orðum frá útöndum.

SJÁVARFALLS-MÆLI

(Vandstandsmaaler) settu „Fálka“-menn upp hér rétt fyrir neðan sæsimastöðina, nú er „Fálkinn“ var hér síðast. Liggja pípur frá sjónum í jörðu upp í ritsímahúsið, svo símrítarnir geta lesið á mælirinn og skrifað þær athuganir niður til frekari rannsóknna.

SKIP

mörg hafa verið hér síðan Austri kom út síðast, svo sem:

„Ingóllur“ bæði á norður- og suðurleið. Frá útöndum kom hingað frk. Þórunn Stefánsdóttir.

„Skreien“ á útleið; farþegar: síra Stefán Kristinnsson frá Völlum og Baldvín Gunnarsson frá Höfða, báðir á leið til sýningarinnar í Þrándheimi. Hingað komu skólapiltarnir Þorlákur og Valgeir Björnssynir frá Dvergasteini.

„Prospero“ fór héðan norður 8. p. m. Farþegar: Kristján Jónsson frá Álptagerði, er dvalið hefir hér um tíma hjá Kristjáníu syni sínum o. fl.

„Bertine“, mótorskúta, skipstjóri Sveinn Stefánsson, kom frá útöndum 7. p. m. Verður henni haldið út héðan til fiskiveiða í sumar og er hún eign skipstjórans og mágs hans, Hermanns Þorsteinssonar skósmíðs.

Andlátsfregn.

Hinn 26. marz p. á. andaðist, eptir langa legu, mærin Adalheiður Einarsdóttir á Höskuldsstöðum í Breiðdal.

Foreldrar hennar eru merkishjónin Einar Gunnlögsson bóndi og póstafrgreiðslumaður á Höskuldsstöðum, náskyldur Einari Gíslasyni fyrrum alþingismanni á Höskuldsstöðum; og Margrét, dóttir síra Jóns sem eina tíð var prestur á Klifstað, dótturdóttir síra Magnúsar síðast prests að Eyðölum, en systurdóttir meistara Eiríks Magnússonar í Cambridge.

Adalheiður sál. var að visu ung, fædd 2. júní 1891, en engu að síður var fráfall hennar átakanlegt, ekki aðeins fyrir foreldra hennar — hún var þeirra vonarstjarna — heldur og alla sem þekktu hana, því hún var ein af hinum efnilegustu ungum stúlkum í þessu byggðarlagi bæði til munns og handa og hvers manns hugljúfi; er hennar því sárt saknað af öllum er kyntust henni.

Þann 10. p. m. létu foreldrar hennar sóknarprestinn vigja grafreit á fögrum bletti í túninu á eignarjörð þeirra Höskuldsstöðum, og sama dag var Adalheiður sál. jörðuð í þessum nýja reit, að viðstöddu miklu fjölmenni. Ungar vinstúlkur hennar látnu báru kistuna til grafarinnar.

Þetta fagra æskablóm, sem fólnaði svo átakanlega fjótt fyrir ískulda dauðans, hefir með sínum jarðnesku leyfum helgað og innsiglað þennan blett handa